

## Hugmyndir um kynningarfundir

**Freysteinn Sigurðsson**

**Greinargerð FS-81/01**

## HUGMYNDIR UM KYNNINGARFUNDI OS

### 1 TILGANGUR KYNNINGARFUNDA OS

Sú forsenda er hér valin að tilgangur kynningarfundanna sé eftirfarandi:

- að miðla til starfsmanna þekkingu varðandi verkefni Orkustofnunar, með það fyrir augum að gera starfsmennina hæfari til að leysa verkefni sín;
- að skýra almennan tilgang verkefna Orkustofnunar í ljósi orkumálastefnu stjórnvalda og framkvæmdastefnu Orkustofnunar í þeim málum, í því augnamiði að gera störf markvissari á Orkustofnun;
- að lýsa og ræða frá ýmsum hliðum verkefni, sem unnið er að á Orkustofnun, á vegum hennar, eða tengd henni, svo að bæta megi um þau;

Þetta er sú sama forsenda og lögð var til grundvallar fundahöldum veturinn 1980/81. Reynslan af þeim fundarhöldum bendir til að leggja skuli áherslur á aðra þætti 1981/82 en þá.

### 2 UMFJÖLLUNAREFNI

Í samræmi við framangreindan tilgang kynningarfundanna má flokka þau helstu efni, sem fjallað yrði um á fundunum:

1. Niðurstöður úr verkefnum og rannsóknaraðferðir, sem beitt var við þau, svo að aðrar nýjungar, sem snerta verkefnin beint. Eftir eðli verkefnanna má skifta þeim í tvennt:
  - 1.1 Jarðrannsóknir og orkuvirkjanir (orkujarðfræði, virkjun orkulinda, jarðnytjar í víðri merkingu).
  - 1.2 Orkumál almennt (orkumálastefna, orkubúskapur).
2. Orkumála- og orkurannsóknastefna. Þessum flokki má einnig tvískifta:
  - 2.1 Áhrif ytri aðila á markmið og starfsemi Orkustofnunnar (stjórnvöld, virkjunaraðilar, hagsmunaaðilar).
  - 2.2 Stefna, viðfangsefni og störf Orkustofnunar sjálfrar og deilda hennar.

Orkumál eru núna ofarlega á baugi í landsmálum. Jafnframt á sér nú stað endurskipulagning á Orkustofnun og starfsemi hennar. Það virðist því vera ástæða til að leggja töluverða áherzlu á mál sem varða stöðu og stefnu Orkustofnunar. Má þar nefna orkumálastefnu ríkisstjórnvalda,

1981-06-10

---

verði hún lögtekin, og viðhorf virkjunaraðila til orkulindarannsókna.

Ýmsir þættir í starfsemi og rekstri Orkustofnunar voru til umfjöllunar á liðnum vetri. Undirtektir voru með því móti, að þarflaust þykir að fjalla um þá þætti, þessu sinni nema yfirlit um stöðu og stefnu stofnunarinnar í heild og helztu deilda hennar.

Höfuðefni fundanna að þessu sinni verður væntanlega frásagnir af verkefnum Orkustofnunar. Smærri verkefnum, sem örfáir menn hafa unnið að í lengri eða skemmri tíma, má yfirleitt segja nægjanlega frá á einum, venjulegum fundi. Stærri verkefni, sem fjöldi manns hefur unnið að um árabíl, útheimta meiri tíma, eða allt að hálfum degi, enda yrðu þá flytjendur erinda fleiri en einn.

Auk þess er hér talin ástæða til að halda stutt námsskeið eða námsfundi um ýmis fræðasvið, víð eða þröng. Er þar annars vegar átt við yfirlit um eðli, beitingu og notagildi heilu fagreinanna (t.d. jarðeðlisfræði) fyrir þá, sem ekki eru sérfræðingar í greininni en nýta sér hana beint eða óbeint. Hins vegar er átt við þröng sérsvið (t.d. setgreiningu, borholumælingar ýmsar o.s.frv.). Rétt er hér talið að stilla námsskeiðum þessum í hóf og miða við yfirferð yfir fjölda fræðigreina á nokkurra ára bili.

### 3 FUNDAFORM

Fyrirkomulag það, sem var á fundum síðastliðinn vetur, gefst að mörgu leyti vel og verður því haldið. Á venjulegum fundum yrðu þá flutt erindi, 1/4-3/4 klst. löng, og efni þeirra síðan rætt, 3/4-1/4 klst. Lengd erinda færi m.a. eftir því, hvort höfuðáherzla yrði lögð á kynningu eða umræður, hverju sinni.

Kynning stærri verkefna og námsskeið/námsfundir taka lengri tíma, eða allt að hálfum degi hverju sinni, námsskeið hálfan daginn í allt að heila viku.

1981-06-10

---

Ástæða er til að taka saman stuttar leiðbeiningar til erindaflytjenda um málflutning þeirra. Einnig væri æskilegt að erindaflytjendur tækju saman fyrir fund útdrátt úr erindum sínum, 1-5 síður eða svo, sem dreifa mætti í naumu upplagi á fundinum, en væri ella aðgengilegur til ljósritunar hjá höfundi og fundahaldara.

Iðulega getur verið ástæða til að fá til erindaflytjendur utan stofnunarinnar. Hér er þó talið rétt að stilla því sem mest í hóf og kalla til frekar menn innan stofnunar, ef þess er kostur. Ýmis efni eiga erindi til fólks utan stofnunar. Það kann því að vera rétt að hafa fundi þessa almennt opna utanaðkomandi, þó þeir yrðu ekki tilkynntir eða auglýstir öðrum en þeim, sem ókað væri hverju sinni.

#### 4 FUNDARTÍMI OG FUNDAFJÖLDI

Kynningarfundinn verður að halda á þeim árstíma, þegar allur fjöldi starfsmann er ekki úti á landi, í fríum, á öðrum fundum, eða forfallaðir vegna annars erils. Til greina kemur þá tíminn frá byrjun eða miðjum október til byrjunar eða mið apríl, að frádregnum síðari hluta desember. Tímabil þetta er 23-35 vikur að lengd, en búast má við einhverjum afföllum.


Á liðnum vetri urðu fundir 22. Frekar hefur heyrzt að þeir hafi þótt of margir en of fáir, þó ýmsir hafi saknað nægjanlegrar umfjöllunar um hugðarefni sín. Reyna má að hafa reglulega fundi á tveggja vikna fresti (hálfsmánaðarlega), og þá nærri 1 klst. að lengd í senn. Í vikunum þar á milli væri þá rúm fyrir lengri fundi (hálfsdagsfund) brátt tilfallandi eða afbrigðileg erindi, tilfærslur funda og önnur frávik. Fjöldi funda yrði með þessu móti væntanlega nokkru minni en síðastliðinn vetur. Samanlagður fundatími yrði hins vegar væntanlega svipaður, eða jafnvel meiri.

Nokkurrar óánægju varð vart með fundartíma, kl. 16, þar er fólki hætti til að gleyma fundunum í miðri önn dagsins. Að vísu höfðu ýmsir óskað sérstaklega eftir þessum tíma dags, vegna reynslu sinnar af öðrum funda-

1981-06-10

---

tímum. Niðurstaðan verður þó sú, að ekki skuli hefja fundi í miðjum vinnutíma, og komi þá vart annar tími til greina fyrir reglulegu fundina en kl 9 c. t. á morgnana. Lengri fundi (hálf dagsfundu) er e.t.v. réttara að halda eftir hádegi og hefjist þeir þá kl. 13 s. t. eða á öðrum þeim tíma, sem henta þætti. Vegna annarra árdegisfunda eru þriðjudagar hentugastir fyrir reglulegu fundina.

  
Freysteinn Sigurðsson